

Markviss uppbygging starfsmanna Öldrunarheimili Akureyrar 2013

Inngangur

Tegund fyrirtækis: Öldrunarheimili Akureyrar

Ráðgjafar: Hildur Betty Kristjánsdóttir og Valgeir Magnússon

Tildrög verkefnis: Öldrunarheimili Akureyrar hefur verið í öflugu samstarfi við SÍMEY varðandi fræðslumál m.a. MARKVISS. Þetta verkefni er framhald af því góða samstarfi sem SÍMEY, ÖA og fræðslusjóðirnir hafa átt.

Stýrihópur:

Helga Erlingsdóttir

Halldór S. Guðmundsson

Markmið verkefnis: Í þessu verkefni var leitað eftir að fá samanburð á viðhorfskönnuninni „Ég og starfið mitt“ sem lögð var fyrir árið 2011. Að skoða hvort breyting hafi orðið á viðhorfi starfsmanna, í ljósi þeirra inngripa og fræðsluáætlana sem í gangi hafa verið. Í framhaldinu að útbúa nýja fræðsluáætlun fyrir árið 2014.

Stýrihópurinn hittist á vordögum 2013 og voru gögn útfærð sem og ákveðið á hvaða hátt best væri að leggja gögnin fyrir og nálgast starfsmenn. Hver deildarstjóri bar ábyrgð á því að koma könnuninni til starfsmanna og SÍMEY sá um úrvinnslu.

Verkfæri og greiningar til að beita:

- Viðhorfskönnun „Ég og starfið mitt“
- Símenntunaráætlun

Eftirfylgni:

Í samstarfi við SÍMEY mun fræðsluáætlun verða hrint í framkvæmd og mun stýrihópurinn sjá um eftirfylgnina ásamt Markviss ráðgjöfum SÍMEY.

HVAÐ ER MARKVISS?

Markviss (Markviss uppbygging starfsmanna) er aðferð til að vinna kerfisbundið að starfsmannapróun í fyrirtækjum. Með Markviss er tekist á við þau verkefni fyrirtækja sem fela í sér skipulagningu menntunar, þjálfunar og annað sem tengist uppbyggingu starfsmanna fyrirtækis eða stofnunar. Þessu skipulagi er síðan fylgt eftir og árangur af verkefninu mældur og metinn eftir því sem tók eru á. Markviss gefur stjórnendum og starfsmönnum kost á að meta sjálfir þekkingar- og færniþörf fyrirtækisins og skipuleggja uppbyggingu sérhvers starfsmanns í samræmi við það mat. Markviss var þróað í Danmörku af samtökum iðnaðarins og hefur verið notað í fyrirtækjum á Íslandi síðan árið 2001.

AF HVERJU MARKVISS?

Markviss aðferðafræðin byggir á þáttum sem gera uppbyggingu starfsmanna auðveldari. Markviss gengur út frá því að:

- Uppbyggingu starfsmanna verði best fyrir komið í samstarfi stjórnenda og starfsmanna
- Uppbygging starfsmanna verði liður í uppbyggingu fyrirtækisins
- Þekking og aðferðir verði eftir í fyrirtækinu
- Margar aðferðir séu til að ná settum markmiðum:
 - Starfsþjálfun
 - Starfaskipti
 - Starfshópar um lausn viðfangsefna
 - Innanhúss upplýsingar
 - Innanhússnámskeið
 - Námskeið utan fyrirtækisins
 - Skipulagt sjálfsnám

Með því að nota Markviss er hægt að greina kerfisbundið þá hæfni sem þarf að vera tilstaðar í fyrirtækinu, hvernig hægt er að öðlast hana og ná árangri.

Markviss verkefni er greiningarferli sem hefst á markmiðasetningu og stöðumati til að skilgreina hvers fyrirtækið eða stofnunin þarfnast m.t.t. starfsþróunar. Þá er hæfnisþörfin skilgreind og fundnar leiðir til að uppfylla þörfina. Að því loknu hefst hin eiginlega starfsþróun sem fylgt er eftir með mati á því hvernig hefur tekist til og hvaða áhrif starfsþróunin hefur haft. Skoða þarf hvaða möguleikar hafa myndast í kjölfar starfsþróunarinnar. Ný og breytt verksvið kalla á nýtt stöðumat og hringferlið hefst að nýju.

Með Markviss tryggir fyrirtækið jákvæða þróun og uppbyggingu mannauðs í takt við kröfur markaðarins á hverjum tíma.

VERKFÆRI

Ýmsar aðferðir og verkfæri hafa verið þróuð til aðstoðar í ferlinu. Markviss er verkfæri til að:

- Vinna stefnumörkun
- Vinna starfslýsingar
- Gera fræðsluáætlanir
- Framkvæma viðhorfskannanir
- Skipuleggja starfsþróun
- o.fl.

ÁRANGUR

Þau fyrirtæki sem hafa unnið eftir þessari aðferð telja sig hafa náð marktækum árangri á eftirtöldum sviðum:

- Aukin framleiðni, virkni í starfi og samkeppnisvitund
- Aukin gæði vöru og þjónustu
- Virkari menntun og þjálfun starfsmanna og betri nýting á fjármagni og tíma
- Meiri sveigjanleiki starfsmanna
- Skýrari stefnumörkun og markmiðum betur náð
- Bætt samstarf innan og utan fyrirtækisins
- Færri hindranir í framleiðslu og afhendingu
- Markvissari nýting nýrrar tækni

LAGT AF STAÐ MEÐ MARKVISS

Markviss getur hentað hvaða fyrirtæki sem er, af hvaða stærð sem er, hluta þess sem og heildar. Nánari upplýsingar um aðferðir og gögn er að finna á vefnum www.markviss.com. Stjórnendur og starfsmenn geta notað þessa aðferð í sameiningu til að stýra og efla þekkingu og færni innan fyrirtækisins.

RÁÐGJAFAR

Hlutverk ráðgjafa er að leiða hvert verkefni og leiðbeina fyrirtækjum t.d. við upplýsingasöfnun, greiningu og lausn vandamála sem upp geta komið í ferlinu. Ráðgjafar eru starfandi í öllum landshlutum og koma gjarnan til aðstoðar sé þess óskað.

Niðurstöður Markviss þarfagreiningar 2013

Ákveðið var að leggja fyrir viðhorfskönnunina „Ég og starfið mitt“ til að fá samanburð á milli árnana 2011 og 2013. Alls svöruðu 114 starfsmenn árið 2013 en 2011 var svörunin 139 starfsmenn. Ég og starfið mitt samanstendur af 43 spurningum. Almenn virðist svörun og samanburður á milli 2011 og 2013 gefa það til kynna að þarfagreiningin sem átti sér stað árið 2011 og fræðslustarfið í framhaldi af því hefur leitt til jákvæðri niðurstöðu. Starfsmenn eru ánægðari í starfi. Í 31 spurningu var jákvæðari niðurstaða en árið 2011. Sem dæmi má nefna að að þættir er lúta að almennri starfsánægju, umhyggju og samskiptum á milli starfsmanna koma til hækkunar. Einnig er jákvætt að nefna að þætti er lúta að streitu, líkamlegu álagi og andlegu lækka allir.

Þættir er lúta að upplýsingaflæði er í ögn verri stöðu, sem og hrós á milli starfsmanna en starfsmenn upplifa betri stöðu með þetta af hendi íbúa og aðstandenda.

Áhugi gagnvart símenntun vex og aðgengi starfsmenna er betra en áður hvað varðar aðgengi að starfstengdri fræðslu. Heildarniðurstaðan er mjög jákvæð og er vinnustaðurinn greinilega á réttri braut hvað varðar uppbyggingu og þá fræðslu sem í boði er og vonandi hefur hún lagt þar á vogarskálarnar.

	2011	2012	2012-13
Yfirlit –Fræðsla 2011-13			
Líknandi meðferð (1)	X		
Eden námskeið (1)	x		
Vinnuvernd og líkamsstillingar	x		
Fyrsta hjálp (4)	x		
Eldvarnir (2)	x		
Geðraskanir og andleg vandamál (4)	x		
Næring aldraðra (4)		x	
Notkun hreinsiefna/Þvottahús og eldhús		x	
Þjónustunámskeið (3)		x	
Að takast á við kröfuharða einstaklinga (2)		x	
Fræðsludagur		x	
Hópefli (4)		x	
Eldvarnir (1)		x	
Eldvarnir, nýliðafræðsla og vinnuvernd (1)		x	
Nýliðafræðsla, vinnuvernd og líkamsstillingar		x	
Kenning í fagmennsku í öldrunarhjúkrun (1)			x
Hópefli í Vestursíðu (2)			x
Heilsuefning á vinnustað (VIRK) (3)			x

Vinnuvernd og líkamsstillingar			X
Fyrsta hjálp inni á hjúkrunarheimilum (4)			X
Eldvarnir (2)			X
Hreyfing aldraðra (3)			X
Öldrun og kynheilbrigði (2)			X
Sálræn skyndihjálp (3)			X
Þjónustustjórnun			X
Sykursýki (3)			X
Fræðsludagar 5. og 6. mars			X
Samþætting vinnu og fjölskyldulífs (VIRK)			X
Sýkingavarnir (3)			X
EDEN (1)			X
Heilsuáttak 22.04-3.05			X
Nýliðafræðsla og eldvarnir			X
Nýliðafræðsla og eldvarnir, vinnuvernd			X
Nýliðafræðsla, vinnuvernd og líkamsstillingar			X

Viðhorfskönnun – Ég og starfið mitt hjá Öldrunarheimili Akureyrar

Starfsheiti: _____

Merktu við deildina sem þú starfar á

Eini- og Grenihlíð () Aspar- og Beykihlíð () Furu- og Víðihlíð ()
 Austurhlíðar () Lögmanshlíð () Þvottahús () Skrifstofa ()
 Dagþjónusta, iðju- og félagsstarf () Eldhús () Aðrir starfsmenn ()

Eftirfarandi eru 43 fullyrðingar sem ætlað er að lýsa afstöðu þinni til vinnustaðar, starfs, íbúa og samstarfsmanna.

Settu hring um þá tölu frá (1-5) sem að þér finnst lýsa best afstöðu þinni.

1 = Lýsir afstöðu minni alls ekki, **2** = Lýsir afstöðu minni illa, **3** = Lýsir afstöðu minni nokkuð **4** = Lýsir afstöðu minni vel og **5** = Lýsir afstöðu minni mjög vel.

Jafnframt biðjum við þig að svara tveimur opnum spurningum.

		← Á illa við Á vel við →				
		1	2	3	4	5
1	Ég er ánægð/ur í starfi mínu hjá Öldrunarheimilum Akureyrar	1	2	3	4	5
2	Yfirmaður minn ber umhyggju fyrir mér sem einstaklingi	1	2	3	4	5
3	Samstarfsmenn í vinnunni bera umhyggju fyrir mér	1	2	3	4	5
4	Ég er stolt/ur af því að vera starfsmaður á Öldrunarheimilum Akureyrar	1	2	3	4	5
5	Vel er tekið á móti nýjum starfsmönnum	1	2	3	4	5
6	Aðstandendur bera virðingu fyrir starfi mínu	1	2	3	4	5
7	Íbúar bera virðingu fyrir starfi mínu	1	2	3	4	5
8	Ég veit til hvers er ætlast af mér í starfi	1	2	3	4	5
9	Ég hef þau tæki sem nauðsynleg eru til að sinna starfi mínu vel	1	2	3	4	5
10	Ég hef þau fyrirmæli sem nauðsynleg eru til að sinna starfi mínu vel	1	2	3	4	5
11	Ég tel að EDEN hugmyndafræðin hafi aukið starfsánægju mína	1	2	3	4	5
12	Ég er ánægð/ur með aðstöðuna á minni deild	1	2	3	4	5
13	Það ríkir stuðningur og traust milli starfsmanna	1	2	3	4	5
14	Það ríkir stuðningur og traust á milli starfsmanna og íbúa	1	2	3	4	5

15	Það er góður starfsandi	1	2	3	4	5
16	Ég er hvattur/hvött til að bera ábyrgð, skipuleggja mig og hafa eftirlit sjálf/ur	1	2	3	4	5
17	Ég virði þagnarskyldu mína gagnvart íbúum Öldrunarheimila Akureyrarbæjar	1	2	3	4	5
18	Ég tel að Eden hugmyndafræðin hafi aukið lífsgæði íbúanna	1	2	3	4	5
19	Hér er gott að búa (Öldrunarheimili Akureyrar)	1	2	3	4	5
20	Samstarfsmenn mínir hrósa mér fyrir vel unnin störf	1	2	3	4	5
21	Aðstandendur hrósa mér fyrir vel unnin störf	1	2	3	4	5
22	Íbúar hrósa mér fyrir vel unnin störf	1	2	3	4	5
23	Ég ánægð/ur með Öldrunarheimili Akureyrar sem vinnuveitanda	1	2	3	4	5
24	Álit mitt skiptir máli innan minnar deildar	1	2	3	4	5
25	Ég tel starf mitt mikilvægt	1	2	3	4	5
26	Vinnufélagar mínir leggja sig alla fram við að skila vel unnu verki	1	2	3	4	5
27	Upplýsingaflæði inna ÖA er gott	1	2	3	4	5
28	Upplýsingaflæði innan deilda er gott	1	2	3	4	5
29	Ég get leyst flest þau verkefni sem ég fæst við í mínu starfi	1	2	3	4	5
30	Ég ver ávallt Öldrunarheimil Akureyrar þegar þeim er hallmælt	1	2	3	4	5
31	Starfsfólk deildarinnar vinnur sem heild	1	2	3	4	5
32	Ég sé mig í þessu starfi eftir 3 ár	1	2	3	4	5
33	Starfi mínu fylgir streita	1	2	3	4	5
34	Starfi mínu fylgir líkamlegt álag	1	2	3	4	5
35	Starfi mínu fylgir andlegt álag	1	2	3	4	5
36	Mér er gert aðgengilegt að sækja símenntun í starfi	1	2	3	4	5
37	Ég þekki vel til starfsmannafélags ÖA/Sveiflan	1	2	3	4	5

38	Ég fæ fullnægjandi upplýsingar um mikilvægar breytingar innan Öldrunarheimilanna	1	2	3	4	5
39	Yfirmaður minn hrósar mér fyrir vel unnin störf.	1	2	3	4	5
40	Ég vinn alltaf eftir Eden hugmyndafræðinni	1	2	3	4	5
41	Ég hef áhuga á fræðslu og símenntun í starfi mínu	1	2	3	4	5
42	Ég get leitað mér aðstoðar eða stuðning á ÖA vegna starfstengdra veikinda/álags	1	2	3	4	5
43	Ég hef áhuga á því að takast á við verkefni sem krefjast aukinnar ábyrgðar.	1	2	3	4	5

A) Hverja telur þú helstu kosti þess að vinna hjá Öldrunarheimilum Akureyrar

B) Hverja telur þú helstu ókosti þess að vinna hjá Öldrunarheimilum Akureyrar

C) Ertu sátt við þá vinnu sem fer fram á starfsmanna- og deildarfundum? Ef ekki hvaða breytingar viltu sjá?

D) Ertu sátt við þann fjölda starfsmanna- og deildarfunda á ári? Ef ekki hvað marga fundi mundir þú vilja sjá á ári.

E) Hefur þú tekið þátt í fræðsluáætlun ÖA síðustu tvö ár?

Já
 Nei

Ef já; hvernig þótti þér fræðslan

Ef nei, hvers vegna ekki?

F) Mundir þú mæla með þínu starfi fyrir barnið þitt?

- Já
 Nei
 Á ekki við

G) Ég hef farið á EDEN námskeið?

- Já
 Nei

Hefðir þú áhuga á að taka þátt í starfstengdri fræðslu eins og hér að neðan. Merktu við þau atriði sem þér finnst áhugaverð. Það má merkja við fleiri en eitt atriði.

Merktu við þau atriði sem þú vilt meiri fræðslu um

- EDEN hugmyndafræðin
 Skyndihjálp
 Sálræn skyndihjálp
 Að takast á við erfiða og ofbeldisfulla hegðun einstaklinga
 Húmor og umönnun (Edda Björgvinsdóttir)
 Lífslokameðferð
 Tölvur og virkni í umönnun (Að skilja mikilvægi þess að nota í daglegu starfi)
 Þrautseigja og styrkur á álagstímum
 Ráð fyrir vaktavinnufólk
 Starfsánægja - vinnugleði
 Samskipti við aðstandendur íbúa
 Einelti og áreitni á vinnustað
 Að takast á við kröfuharða einstaklinga
 Siðfræði – Þekkja helstu hugtök siðfræðinnar, þekkja þær reglur sem almennt gilda í þjónustu við íbúa og skilja mikilvægi siðferðilegra viðmiða í störfum á félags- og heilbrigðissviði.
 Hollusta og tryggð starfsmanna – sálfræðilegur samningur (*Sálfræðilegi samningurinn er hugtak sem er notað til að lýsa því sambandi sem ríkir á milli starfsmanns og vinnuveitanda hans)

- Meiri fræðsla í starfi –Hvað?
-
-















Tímasetningar varðandi fræðslu:

Vikudagur: _____

Tími: _____

Samanburður 2013 og 2011

ÖA	2013	2011
1 Ég er ánægð/ur í starfi mínu hjá Öldrunarheimilum Akureyrar	<p>4,26</p>	<p>4,07</p>
2 Yfirmaður minn ber umhyggju fyrir mér sem einstaklingi	<p>4,18</p>	<p>3,84</p>
3 Samstarfsmenn í vinnunni bera umhyggju fyrir mér	<p>4,17</p>	<p>4,12</p>
4 Ég er stolt/ur af því að vera starfsmaður á Öldrunarheimilum Akureyrar	<p>4,22</p>	<p>4,02</p>
5 Vel er tekið á móti nýjum starfsmönnum	<p>4,10</p>	<p>4,08</p>
6 Aðstandendur bera virðingu fyrir starfi mínu	<p>4,04</p>	<p>3,93</p>
7 búar bera virðingu fyrir starfi mínu	<p>4,11</p>	<p>3,97</p>

8	<p>Ég veit til hvers er ætlast af mér í starfi</p> 		4,61	4,55
9	<p>Ég hef þau tæki sem nauðsynleg eru til að sinna starfi mínu vel</p> 		4,03	3,77
10	<p>Ég hef þau fyrirmæli sem nauðsynleg eru til að sinna starfi mínu vel</p> 		4,07	4,04
11	<p>Ég tel að EDEN hugmyndafræðin hafi aukið starfsánægju mína</p> 		3,57	3,37
12	<p>Ég er ánægð/ur með aðstöðuna á minni deild</p> 		3,70	3,56
13	<p>Það ríkir stuðningur og traust milli starfsmanna</p> 		3,94	3,78
14	<p>Það ríkir stuðningur og traust á milli starfsmanna og íbúa</p> 		4,13	4,11

15 Það er góður starfsandi	<p>4,09</p>	<p>3,88</p>
16 Ég er hvattur/hvött til að bera ábyrgð, skipuleggja mig og hafa eftirlit sjálf/ur	<p>3,99</p>	<p>4,01</p>
17 Ég virði þagnarskyldu mína gagnvart íbúum Öldrunarheimila Akureyrarbæjar	<p>4,93</p>	<p>4,87</p>
18 Ég tel að Eden hugmyndafræðin hafi aukið lífsgæði íbúanna	<p>3,96</p>	<p>3,69</p>
19 Hér er gott að búa (Öldrunarheimili Akureyrar)	<p>4,12</p>	<p>3,96</p>
20 Samstarfsmenn mínir hrósa mér fyrir vel unnin störf	<p>3,69</p>	<p>3,71</p>
21 Aðstandendur hrósa mér fyrir vel unnin störf	<p>3,73</p>	<p>3,67</p>

22	Íbúar hrósa mér fyrir vel unnin störf	<p>Bar chart showing the distribution of responses for 'Íbúar hrósa mér fyrir vel unnin störf'. The x-axis represents ratings from 1 to 5, and the y-axis represents the percentage of respondents (0-80%). The data points are: 1: 2, 2: 5, 3: 15, 4: 52, 5: 38.</p>	4,06
23	Ég ánægð/ur með Öldrunarheimili Akureyrar sem vinnuveitanda	<p>Bar chart showing the distribution of responses for 'Ég ánægð/ur með Öldrunarheimili Akureyrar sem vinnuveitanda'. The x-axis represents ratings from 1 to 5, and the y-axis represents the percentage of respondents (0-80%). The data points are: 1: 3, 2: 7, 3: 30, 4: 62, 5: 36.</p>	3,88
24	Álit mitt skiptir máli innan minnar deildar	<p>Bar chart showing the distribution of responses for 'Álit mitt skiptir máli innan minnar deildar'. The x-axis represents ratings from 1 to 5, and the y-axis represents the percentage of respondents (0-80%). The data points are: 1: 3, 2: 5, 3: 20, 4: 48, 5: 39.</p>	4,00
25	Ég tel starf mitt mikilvægt	<p>Bar chart showing the distribution of responses for 'Ég tel starf mitt mikilvægt'. The x-axis represents ratings from 1 to 5, and the y-axis represents the percentage of respondents (0-80%). The data points are: 1: 2, 2: 3, 3: 30, 4: 54, 5: 25.</p>	3,85
26	Vinnufélagar mínir leggja sig alla fram við að skila vel unnu verki	<p>Bar chart showing the distribution of responses for 'Vinnufélagar mínir leggja sig alla fram við að skila vel unnu verki'. The x-axis represents ratings from 1 to 5, and the y-axis represents the percentage of respondents (0-80%). The data points are: 1: 6, 2: 7, 3: 40, 4: 59, 5: 29.</p>	3,7
27	Upplýsingaflæði inna ÖA er gott	<p>Bar chart showing the distribution of responses for 'Upplýsingaflæði inna ÖA er gott'. The x-axis represents ratings from 1 to 5, and the y-axis represents the percentage of respondents (0-80%). The data points are: 1: 0, 2: 0, 3: 5, 4: 25, 5: 85.</p>	4,70
28	Upplýsingaflæði innan deilda er gott	<p>Bar chart showing the distribution of responses for 'Upplýsingaflæði innan deilda er gott'. The x-axis represents ratings from 1 to 5, and the y-axis represents the percentage of respondents (0-80%). The data points are: 1: 1, 2: 1, 3: 5, 4: 32, 5: 101.</p>	4,65
26	Vinnufélagar mínir leggja sig alla fram við að skila vel unnu verki	<p>Bar chart showing the distribution of responses for 'Vinnufélagar mínir leggja sig alla fram við að skila vel unnu verki'. The x-axis represents ratings from 1 to 5, and the y-axis represents the percentage of respondents (0-80%). The data points are: 1: 0, 2: 4, 3: 13, 4: 53, 5: 45.</p>	4,21
27	Upplýsingaflæði inna ÖA er gott	<p>Bar chart showing the distribution of responses for 'Upplýsingaflæði inna ÖA er gott'. The x-axis represents ratings from 1 to 5, and the y-axis represents the percentage of respondents (0-80%). The data points are: 1: 0, 2: 2, 3: 13, 4: 70, 5: 55.</p>	4,27
28	Upplýsingaflæði innan deilda er gott	<p>Bar chart showing the distribution of responses for 'Upplýsingaflæði innan deilda er gott'. The x-axis represents ratings from 1 to 5, and the y-axis represents the percentage of respondents (0-80%). The data points are: 1: 2, 2: 17, 3: 42, 4: 41, 5: 12.</p>	3,39
26	Vinnufélagar mínir leggja sig alla fram við að skila vel unnu verki	<p>Bar chart showing the distribution of responses for 'Vinnufélagar mínir leggja sig alla fram við að skila vel unnu verki'. The x-axis represents ratings from 1 to 5, and the y-axis represents the percentage of respondents (0-80%). The data points are: 1: 4, 2: 15, 3: 50, 4: 52, 5: 17.</p>	3,46
27	Upplýsingaflæði inna ÖA er gott	<p>Bar chart showing the distribution of responses for 'Upplýsingaflæði inna ÖA er gott'. The x-axis represents ratings from 1 to 5, and the y-axis represents the percentage of respondents (0-80%). The data points are: 1: 5, 2: 9, 3: 35, 4: 52, 5: 13.</p>	3,52
28	Upplýsingaflæði innan deilda er gott	<p>Bar chart showing the distribution of responses for 'Upplýsingaflæði innan deilda er gott'. The x-axis represents ratings from 1 to 5, and the y-axis represents the percentage of respondents (0-80%). The data points are: 1: 3, 2: 11, 3: 47, 4: 53, 5: 27.</p>	3,64

29	Ég get leyst flest þau verkefni sem ég fæst við í mínu starfi	<p>0 0 4 54 57</p>	4,46	<p>1 0 3 63 75</p>	4,49
30	Ég ver ávallt Öldrunarheimili Akureyrar þegar þeim er hallmælt	<p>2 0 15 49 45</p>	4,22	<p>1 5 16 53 65</p>	4,26
31	Starfsfólk deildarinnar vinnur sem heild	<p>3 3 20 56 32</p>	3,97	<p>0 4 20 72 43</p>	4,11
32	Ég sé mig í þessu starfi eftir 3 ár	<p>5 10 15 40 43</p>	3,94	<p>19 9 27 34 49</p>	3,62
33	Starfi mínu fylgir streita	<p>8 5 25 40 35</p>	3,79	<p>7 5 24 56 49</p>	3,96
34	Starfi mínu fylgir líkamlegt álag	<p>5 6 25 29 47</p>	3,96	<p>8 4 18 45 66</p>	4,11
35	Starfi mínu fylgir andlegt álag	<p>7 1 17 41 47</p>	4,06	<p>4 2 13 50 68</p>	4,28

36 Mér er gert aðgengilegt að sækja símenntun í starfi	<p>Bar chart showing the percentage of respondents for item 36, left side. The y-axis ranges from 0 to 80. The x-axis shows ratings from 1 to 5. The data points are: 1: 4, 2: 4, 3: 27, 4: 39, 5: 39.</p>	<p>Bar chart showing the percentage of respondents for item 36, right side. The y-axis ranges from 0 to 80. The x-axis shows ratings from 1 to 5. The data points are: 1: 2, 2: 7, 3: 35, 4: 50, 5: 40.</p>	3,93 3,89
37 Ég þekki vel til starfsmannafélagss ÖA/Sveiflan	<p>Bar chart showing the percentage of respondents for item 37, left side. The y-axis ranges from 0 to 80. The x-axis shows ratings from 1 to 5. The data points are: 1: 17, 2: 19, 3: 22, 4: 26, 5: 30.</p>	<p>Bar chart showing the percentage of respondents for item 37, right side. The y-axis ranges from 0 to 80. The x-axis shows ratings from 1 to 5. The data points are: 1: 39, 2: 20, 3: 34, 4: 21, 5: 19.</p>	3,29 2,71
38 Ég fæ fullnægjandi upplýsingar um mikilvægar breytingar innan	<p>Bar chart showing the percentage of respondents for item 38, left side. The y-axis ranges from 0 to 80. The x-axis shows ratings from 1 to 5. The data points are: 1: 9, 2: 12, 3: 41, 4: 40, 5: 12.</p>	<p>Bar chart showing the percentage of respondents for item 38, right side. The y-axis ranges from 0 to 80. The x-axis shows ratings from 1 to 5. The data points are: 1: 6, 2: 15, 3: 44, 4: 53, 5: 20.</p>	3,30 3,48
39 Yfirmaður minn hrósar mér fyrir vel unnin störf.	<p>Bar chart showing the percentage of respondents for item 39, left side. The y-axis ranges from 0 to 80. The x-axis shows ratings from 1 to 5. The data points are: 1: 4, 2: 5, 3: 27, 4: 43, 5: 30.</p>	<p>Bar chart showing the percentage of respondents for item 39, right side. The y-axis ranges from 0 to 80. The x-axis shows ratings from 1 to 5. The data points are: 1: 11, 2: 12, 3: 28, 4: 51, 5: 38.</p>	3,83 3,66
40 Ég vinn alltaf eftir Eden hugmyndafræðinni	<p>Bar chart showing the percentage of respondents for item 40, left side. The y-axis ranges from 0 to 80. The x-axis shows ratings from 1 to 5. The data points are: 1: 4, 2: 8, 3: 20, 4: 51, 5: 31.</p>	<p>Bar chart showing the percentage of respondents for item 40, right side. The y-axis ranges from 0 to 80. The x-axis shows ratings from 1 to 5. The data points are: 1: 5, 2: 5, 3: 39, 4: 62, 5: 27.</p>	3,85 3,73
41 Ég hef áhuga á fræðslu og símenntun í starfi mínu	<p>Bar chart showing the percentage of respondents for item 41, left side. The y-axis ranges from 0 to 80. The x-axis shows ratings from 1 to 5. The data points are: 1: 2, 2: 1, 3: 17, 4: 39, 5: 51.</p>	<p>Bar chart showing the percentage of respondents for item 41, right side. The y-axis ranges from 0 to 80. The x-axis shows ratings from 1 to 5. The data points are: 1: 3, 2: 2, 3: 27, 4: 45, 5: 60.</p>	4,24 4,15

42	Ég get leitað mér aðstoðar eða stuðning á ÖA vegna starfstengdra veikinda/álags	<table border="1"> <tr><th>Rating</th><td>1</td><td>2</td><td>3</td><td>4</td><td>5</td></tr> <tr><th>Percentage</th><td>9</td><td>8</td><td>31</td><td>35</td><td>21</td></tr> </table>	Rating	1	2	3	4	5	Percentage	9	8	31	35	21	<table border="1"> <tr><th>Rating</th><td>1</td><td>2</td><td>3</td><td>4</td><td>5</td></tr> <tr><th>Percentage</th><td>11</td><td>10</td><td>42</td><td>38</td><td>27</td></tr> </table>	Rating	1	2	3	4	5	Percentage	11	10	42	38	27
Rating	1	2	3	4	5																						
Percentage	9	8	31	35	21																						
Rating	1	2	3	4	5																						
Percentage	11	10	42	38	27																						
43	Ég hef áhuga á því að takast á við verkefni sem krefjast aukinnar ábyrgðar.	<table border="1"> <tr><th>Rating</th><td>1</td><td>2</td><td>3</td><td>4</td><td>5</td></tr> <tr><th>Percentage</th><td>1</td><td>4</td><td>23</td><td>38</td><td>46</td></tr> </table>	Rating	1	2	3	4	5	Percentage	1	4	23	38	46	<table border="1"> <tr><th>Rating</th><td>1</td><td>2</td><td>3</td><td>4</td><td>5</td></tr> <tr><th>Percentage</th><td>5</td><td>5</td><td>29</td><td>49</td><td>53</td></tr> </table>	Rating	1	2	3	4	5	Percentage	5	5	29	49	53
Rating	1	2	3	4	5																						
Percentage	1	4	23	38	46																						
Rating	1	2	3	4	5																						
Percentage	5	5	29	49	53																						

Hverja telur þú helstu kosti þess að vinna hjá Öldrunarheimilum Akureyrar

Góðir vinnufélagar og íbúar og dagþjónustueftirlit, skemmtilegur hópur - gagnkvæm gefandi samskipti, góður mórall- gaman í vinnunni - fjölbreytt starf

Vinn við áhugasvið mitt

Að umgangast aldraða og læra af þeim

Að umgangast og kynnst öldruðum og einnig er starfsandi á mínu heimili svo góður

Gott og manneskjulegt umhverfi

Fjölbreytileiki í starfi. Dásamlegt að vinna með öldruðum og læra af þeim

Mjög gefandi og skemmtilegt

Mikil mannleg samskipti og kynni við margt fólk

Ég vinn að því sem ég hef áhuga á að gera, yfirmenn eru skilningsríkir og styðjandi. Samstarfsfólk mitt er einstaklega gott.

Jákvæð framsýn stefna. Gott andrúmsloft og samheldni. Samskipti við eldra fólk

Jákvætt andrúmsloft, fjölskylduvænt.

Fjölskylduvænn vinnustaður, auðvelt að koma sinni skoðun að, nánd.

Fjölbreytt starf. Mikill félagskapur bæði af íbúum og samstarfsfólki. Krefjandi og gefandi.

Fjölbreytt starf, krefjandi og gefandi

Þetta er vinnustaður sem býður uppá marga möguleika eins og ögrun í starfi áskoranir

Yndislegur vinnustaður, gott að vera í kringum íbúa

Skemmtilegur og gefandi vinnustaður sem er í örri þróun, jákvætt andrúmsloft gleði yfirleitt ríkjandi,
gott að koma inn á stofnun
stöðuleiki

Vinnustaðurinn minn er stutt frá þeim stað sem ég bý á. Vinnustaðan er góð, ég get ráðið einhverju um
vinnutíma minn sjálf
Gefur mér mikla reynslu á því sviði sem ég hef áhuga á. Flottir yfirmenn sem halda utan um
öldrunarheimilin
Finnst ég geta gefið af mér
Frekar mikið öryggi með starf
Í dag. Staður sem sýnt hefur að hann vill bæta sig.
Góðir vinnuveitendur hjálpsemi, góður starfsandi.
Vaktavinna og hægt að breyta vöktum og skipta ef þarf.
Dásamlegt að vera í kringum gamalt fólk og kynnst Eden.
Góður vinnutími
Get unnið oftár á kvöldin og minna stress.
Það er gott og gaman að vinna með öldruðum gefandi
Ég hef vinnu sem mér líkar ágætlega í og hef gaman af
Góður starfsandi- sveigjanlegur vinnutími
Hlíð er góður vinnustaður og samheldið starfsfólk
Vaktavinna hentar mér vel í augnablikinu, yfirmaður minn og flest samstarfsfólk er frábært.
Gaman að vinna með öldruðum, stutt í vinnuna, hlýlegt og heimilislegt.
EDEN stefnan!! Aðgang að fræðslu, sveigjanlegur vinnutími, góður starfsandi
Það að vinna og hlú að íbúum
Góður og vandaður vinnustaður
Vaktvinna og atvinnuöryggi
Eldri borgara eru flestir frábærir, vaktavinna, mér finnst ég vera að gera gagn, yfirleitt góður starfsandi
Starfsandinn er góður
Ég hef gaman að hjálpa fólki og lát því líða vel, mér finnst gott að vinna þar sem ég get verið á hreyfingu
Að geta verið í vaktarvinnu kemur mér vel, og geta nokkurn veginn unnið einsog ég vil. TC
Starföryggi og gefandi starf
Hlýlegt heimili góður starfsandi og fínn vinnustaður
Hér er einsog stór fjölskylda sem stendur saman í gleði og sorg.
Að fá að vinna sjálfstætt, að það er traust á milli starfsmanns og vinnuveitanda
Gefandi starf og passar mér vel
Passar mér vel
Gefandi starf. Vinnutími hentar mér góður starfsandi
Stutt í vinnu og frábærir vinnufélagar
Stafið er gefandi og ég er alltaf að hitta nýtt fólk
Gott að vinna í sínu bæjarfélagi
Nálægt heimili mínu, börnin mega kíkja við, mjög gott andrúmsloft, gott að vinna með samstarfsfólkinu
Að vinna við góðar aðstæður
Margir kostir t.d. hugsa um aðra, ábyrgðartilfinning t.d. Alzheimer (aldrað fólk), fá visku frá þeim
Starfsöryggi, fjölbreytt og gefandi vinna.
Yndislegt fólk bæði íbúar og starfsfólk

Þetta gefur manni mikið

Gott vinnuumhverfi

Góður vinnutími

Vaktavinna

Mikil ábyrgðarvinna, traust og kraftmikið fólk, spennandi og jafnframt krefjandi, svo má ekki gleyma því að þetta Þroskandi

Það er gefandi að vinna hér frábærir samstarfsmenn og íbúar

Hér er gott fólk og góður vinnustaður

Þetta er gefandi starf og okkur gefst tækifæri á að láta gott af okkur leiða

Að vinna með góðu fólk að velferð aldraðra

Samskipti við aldraða

Starfsandinn er mjög góður, það er mikilvægt

Góður félagsandi

Að geta gefið að mér og hjálpað öðrum

Mjög gefandi starf

Þetta er mjög gefandi og skemmtilegt starf. Maður lærir á lífið og dauðann og allt þess á milli!

Kann vel við mig, gott andrúmsloft- hentar vel að vinna eftir vaktafyrirkomulagi

Fólk fær tækifæri til að þroska samskiptahæfni og læra um gamla tíma og sjá fjölbreytt mannlíf

Að fá að hjálpa fólk

Að gera gagn og fá borgað fyrir

Góður starfsandi

Hæfni mín nýtist vel, gott starfsöryggi, sveigjanleiki í starfi, gott viðmót við starfsmenn

Sveigjanlegur vinnutími(engin ábyrgð á timecare) - gefandi vinna með fólk

Kaffitímar eru góðir og vel settir upp, tímalega

Félagarnir og vinnutími

Öruggt vinnuumhverfi og góðan starfsanda

Sveigjanleiki, tillit til fjölskyldu, góður starfsandi, starfsmaðurinn skiptir máli

Að vinna annaðhvort hjá bæ eða ríki þá fæ ég laun mánaðarlega

Mér er gott að vinna, erum ekki alltaf að gera það sama erum rúllandi með verk og vinni. Tími hjá okkur er 8-16 alla virka daga og frí um helgar. Lúxus

Hverja telur þú helstu ókosti að vinna hjá ÖA

Samskipti á milli deilda oft, þung og upplýsingar berast ekki. Orðin leið á þróun umræðu um álag. (...eykur álag það eitt)

Laun ekki í samræmi við mikilvægi vinnu

Vildi framkvæma meir af sérhæfðum hjúkrunarverkum

Álag stundum of mikið

Of mikið álag og streita

Á svona stórum vinnustað er hætt við að ekki sé alltaf hlustað á starfsmanninn

Lá laun, Starfsfólk hér sem vinnur ekki samkvæmt EDEN- alltof erfitt fyrir suma að tileinka sér stefnu þessa heimilis og taka tilsögn til að bæta sig

Mætti fjölga faglærðu starfsfólki v/ fjölbreyttra og flókinna verkefna sem eykst stöðugt, íbúar koma inn veikari og veikari

Konur geta verið voðalegir tuðarar

Álag sem fylgir vaktavinnu (hefur samt sína kosti líka)

Stundum erfitt að skilja að vinnu og einkalíf sérstaklega þegar maður er að vinna með öldruðum og er farið að þykja vænt um alla.

Mætti stundum vera betri samskipti

Skammarleg laun. Fáránlegt að ekki skuli vera hægt að fá 100%. Of mikið álag sem bitnar á íbúum. Stéttaskipting aukist síðustu ár.

Vaktavinna

Niðurskurður sett visst mark á manneklu

Búið að vera erfitt starfsumhverfi, deilur við yfirmann, erfiður mórall, sem hefur áhrif á vinnuumhverfi

Léleg laun niðurskurður- of margir hjúkr. Telst varla til Eden sem á að vera heimili ekki stofnun

Helgar vinna

Sumar deildir of stórar. Stundum mikið Álag, og þá ekki mikið metið

Frekar léleg kjaramál, mætti vera betur borgað

Að þurfa að sinna húsdýrum

Stytting vakta gerir það að verkum að við þurfum að mæta mjög oft, Reglan um veik á milli virðist ekki vera til en þrátt fyrir það er hún notuð, sem er fáránlegt. Aukið álag í kjölfar EDEN hænur, uppvasak bakstur o.fl. En enginn launahækkun fylgir auknu álagi, launin hjá akureyrabæ eru skammarlega lá, AK bær sýnir starfsmönnum lítið þakklæti, sbr. að hann gefur engar jólagjafir eða annað

Mikið álag, andlegt+líkamlegt

alltof fátt starfsfólk til að sinna EDEN starfinu rétt

Stress/ofurálag, tímaleysi, mætti vera meiri metnaður í eldhúsi, Eden stefnan hentar ekki öllum deildum.

Álagið er orðið alltof mikið, það er ekki eins hægt að sinna sálarferlinu eins og var, eldhússtörfín eru orðin of mikil á kvöldin

Alltaf of mikið álag þ.e.líkamlegt og andlegt því mjög oft er undirmönnun= láta minna duga=ekki hægt að vinna eftir Eden stefnunni og vist fólk meira og minna afskipt

Niðurskurði/sparnaður

Of mikið álag á vakt(undirmannað)

Ég sé þá ekki, nema að ekkert þýðir að biðja um launhækkun en peningar eru ekki allt.

Lélegt upplýsingaflæði, skipulag má vera mun betra samanber stjórnun. Málum er varða starfsmenn ganga illa eftir

Illa mannað

Meiri verkstjórn

Léleg laun og getur verið mikið vinnuálag

Líkamlega slítandi vinna, lág laun

Stéttaskipting mikil

Mikið álag.

Álagið getur orðið mjög mikið svo er það vaktavinnan

Mikið vinnuálag á stafsólki, óásættanlegt að blanda saman ummönina starfi og eldhús störfum. Laun ekki í samræmi við ábyrgð t.d lyfjagjöfum

Of mikil streita/álag

Of mikið vinnuálag - of oft undirmönnuð

Að þeir sem eru ekki sjúkraliðar en hafa unnið við þetta fá t.d ekki einingu ef menn vilja fara í skóla (framhaldskóla) vill að starfið sé metið !

Laun miðað við álag

Mikið vinnuálag bæði andlegt og líkamlegt

Kem ekki auga á þá

Mikið álag og undirmönnun

Alltaf verið að skera niður. Mikið álag og oft mjög erfið vinna, bæði líkamlega og andlega.

Álag er stundum of mikið vegna manneklu

Slæm laun

Mikið andlegt og líkamlegt álag

Það er gífurlegt álag á starfsmönnum á deildum oft er undirmannað og íbúar ekki á viðeigandi deildum.

Einstaklingar sem hafa unnið of lengi og orðnir þreyttir. Bitnar á starfsanda

Alltof mikið álag andlegt og líkamlegt

Getur tekið á bæði andlega og líkamlega

6 tíma vaktir. Viðvera miklu oft

Að eiga ekki kost á að vinna 8 tíma alla daga og þurfa þá að vinna fleiri daga í mánuði. Að veikindi starfsmanna auka oft of mikið álag á hina.

Vantar starfsmannafundi þarf að leiðandi er starfsþróun ómarkviss

Vinnuandinn er ekki sem bestur þegar mikið er að gera

Staðsetning vinnuástöðu

Það er of mikil undir mönnun vegna sparnaðar en til langtíma litið er það ekki nógu gott, það verða fleiri veikindadagar hjá starfsfólki. Því miður og meiri undirmönnun.

Starfstengdir þættur sem starfsmenn ÖA hafa áhuga á sem frekari fræðslu.

	Dagþjónusta (9)	Hjúkrunarfræðingar (13)	Vantar starfs- heiti (13)	Sjúkraliðar (47)	Umönnun (33)	Aðrir starfs- menn (10)	St.
Alzheimer, hvernig umgöngumst við íbúa	7	8	7	23	23	5	73
Að takast á við erfiða og ofbeldisfulla hegðun einstaklinga	4	9	9	23	22	3	70
Húmor og ummönun	6	9	8	21	20	5	69
Að takast á við kröfuharða einstaklinga	6	8	6	19	20	3	62
Lífslökameðferð	1	10	6	24	17	2	60
Sálræn skyndihjálp	4	8	6	18	15	5	56
Parkison	6	8	5	18	15	2	54
Þrautseigja og styrkur á álagstímum	4	8	6	17	13	3	51
Starfásnægja - vinnugleði	6	7	5	13	11	8	50
Samskipti við aðstandendur íbúa	6	8	4	15	13	3	49
Skyndihjálp	3	4	5	15	12	7	46
Tölvur og virkni í ummönun	7	6	4	12	10	6	45
Siðfræði	4	7	2	10	13	5	41
Ráð fyrir vaktavinnufólk	0	7	5	16	7	1	36
Einelti og áreitni á vinnustað	2	5	2	12	9	5	35
Hollusta og tryggð starfsmanna	3	4	3	7	11	4	32
Eden Hugmyndarfræðin	5	6	1	5	7	2	26

Aðrir starfstengdir þættir sem komu fram

Mannleg samskipti

Um þagnarskyldu, faglega framkomu

Notkun hjálpartækja. Afþreying og úrræði fyrir þjónustu fólk með heilabilun

Mætti vera meira um sjúkdóma sem tengjast öldruðum

Mikilvægt að hafa ýmsa fræðslu um það hvernig við umgöngumst heimilisfólk. Virðing-
þolinmæði- Foræðishygga! Og þess háttar. Þó svo að hér starfi frábært starfsfólk er oft gott að láta minna sig á

Ekkert sérstakt nema að ég vil sjá að öll fræðsla fari fram bæði í Hlíð og Lögmanshlíð

Hópefli, örva starfsfólkið

En það sem helstu verkefni tengjast fræðslu tengd hverju heimildi (deild)

heilabilun

Gigt og allt í sambandi við mataræði og líkamsþrek

Fræðsla í samskiptum við deildarstjóra og starfsfólk

Mér finnst nauðsynlegt að hafa fræðslu um heilabilunarsjúkdóma fyrir fólk sem er ráðið inn á þær deildir á sumrin.

Hreinlæti íbúa og hvernig starfsfólk tekur og á því og hreinlæti inn á deildum

fræðsla um starfsstillingar mætti vera oftar, og um notkun hjálpartækja.

Öll fræðsla er að hinu góða en mér finnst að það þurfi að vera starfstengt á þá fræðslu sem við erum að fara á

Almennt uppistand meiri fræðslu fyrir skrifstofuna

Sumt af þessum þarf alltaf að vera t.d skyndihjálp og starfsánægja eða eitthvað í þeim dúr

Samantekt

SÍMEY og Öldrunarheimili Akureyrar hafa verið í samstarfi varðandi fræðslumál síðan haustið 2010 þegar farið var í MARKVISS þarfagreiningu. Síðan þá hefur verið unnið að markvissu fræðslustarfi sem tekið hefur mið af þeim niðurstöðum sem úr þarfagreiningunni komu. Eftir að ÖA hafði farið í gegnum tvær fræðsluáætlanir var ákveðið að leggja aftur fyrir þá viðhorfskönnun sem notuð var á sínum tíma til að fá samanburð og kann hversu árangursríkt fræðslustarfið hefði verið. Þær niðurstöður sem fram hafa komið gefa jákvæð fyrirheit um að sí- og endurmenntunin sé að skila ákveðnum árangri. Samskipti, streita, álag og viðhorf eru þættir sem eru komnir í jákvæðari stöðu en áfram þarf að huga að upplýsingaflæði og halda ber áfram að huga að andlegum/ streitu þáttum í starfi. Þátttaka starfsmanna virðist vera góð í þeirri fræðslu sem í gangi hefur verið en það var eitt af þeim markmiðum sem lagt var af stað með árið 2011.

Það hefur verið áskorun að vinna að þessu verkefni með Öldrunarheimili Akureyrar. Um er að ræða stóran og fjölpættan vinnustað þar sem margt jákvætt hefur verið gert í fræðslumálum. Niðurstaðan gefur mjög jákvæðar vísbendingar um hvert vinnustaðurinn er að þróast, en afar mikilvægt er að huga vel að þeirri þróun og styðja við starfsmenn og íbúa. Vinnustaðurinn er stór á íslenskan mælikvarða og fjölpættur og því þarf að huga vel að því hvernig fræðslan er að skila sér og hvers eðlis hún er. Mjög margt er vel gert í þessum málum og virðist vinnustaðurinn vera stefna í rétta átt með þessi mál. Það er von okkar sem að þessu verkefni komu að þessar niðurstöður styðji vinnustaðinn í því að halda áfram virku fræðslustarfi og leggja réttu áherslurnar og nálgun. Ný fræðsluáætlun verður kynnt í byrjun árs 2014.

Akureyri, 31. október 2013

Hildur Betty Kristjánsdóttir, MARKVISS ráðgjafi

Valgeir Magnússon, MARKVISS ráðgjafi